

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **16-061F016**

Dags: **6. júlí 2016**

Staður: **Hörgárdalur - 65°31'40.42"N, 18°47'33.85"W**

Lýsing: **Nauðlenti í fjalllendi eftir að hreyfill missti afl**

Flugmaður á TF-313 var ásamt nokkrum öðrum flugmönnum á fisum í yfirlandsflugi um landið. Þegar fisin voru á flugi á Norðurlandi missti hreyfill TF-313 afl.



Flugmaðurinn tilkynnti um ástandið í talstöð, til fisflugmanna hinna fisana sem hann var í samfloti með. Þvínæst undirbjó hann nauðlendingu sem tókst vel og var flugvélinni lent í Hörgárdal. Flugmanninn sakaði ekki og fysið skemmdist lítið. Flugmaðurinn gekk til byggða og tilkynnti um atvikið til RNSA þann 7. júlí 2016 en þá gekk flugmaðurinn aftur upp að flakinu og gangsetti það án vandræða.

Líklegasta orsök þess að hreyfillinn missti afl er talin vera blöndungsísing.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.